

- 130** **Ágrip af bræfi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um viðbótarlán handa**
 10. nóv. **prestakalli.** — Með bræfi þessu var leyft að taka 200 kr. lán handa Sanda-
 prestakalli í Dýrafirði til húsaþýggingar í viðbót við lán það, er leyft var að
 taka með landsh.br. 1. júlí 1891 (Stjtt. 1891 B bls. 98) með sömu kjörum og
 skilyrðum og aðallánið, að því viðbættu, að greiðslu viðbótarlánsins verði lokið
 jafnsnemma og greiðslu aðallánsins, og að húsinu sje eptirleidis haldið í 2500
 kr. váttryggingu.

131**Yfirlit**

yfir efnahag sýsluvegasjóða í Austuramtinu 1891.

1. Norður-Þingeyjarsýsla.

Tekjur:		Kr. a.
1. Eign frá f. á.	Kr. 35,51	
2. Sýsluvegagjald	— 323,96	359 47
Gjöld:		
1. Vegabótakostnaður	Kr. 315,00	
2. Eign til næsta árs	— 44 47	359 47

2. Norður-Múlasýsla.

Tekjur:		
1. Sýsluvegagjald		1196 64
Gjöld:		
1. Berguð skuld sjóðsins frá f. á.	Kr. 23,76	
2. Vegabótakostnaður	— 1007,25	
3. Eign til næsta árs	— 165,63	1196 64

3. Suður-Múlasýsla.

Tekjur:		
1. Eign frá f. á.	Kr. 122,33	
2. Sýsluvegagjald	— 1232,38	1355 71
Gjöld:		
1. Vegabótakostnaður	Kr. 563,85	
2. $\frac{1}{2}$ sýsluvegagjald gengur frá samkvæmt 3. gr. laga, 10. nóv. 1887, um vegi	— 616,69	
3. Eign til næsta árs	— 175,17	1355 71

Íslands norður- og austuramt, Akureyri 26. nóvbr. 1892.

Í fjarveru amtmanns J. Havsteen

Kl. Jónsson,
settur.

LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

4. nóv. veitti konungur sóknarpresti að *Hólmum í Suður-Múlaprófastsdæmi*, præp.
 hon. *Daniel Halldórssyni*, samkvæmt beiðni hans, lausn í náð frá embætti sínu, með eptirlaun-
 um samkv. eptirlaunalögunum.

HEIÐURSMERKI.

2. nóv. var forstöðumaður prestaskólans, *Helgi Hálfdánarson*, r. af dbr., af konungi
 sæmdur *heiðursmerki dannebrogsmanna*.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Hólmar í Suður-Múlaprófastsdæmi; brauðið er metið 1937 kr. 81 a.; veitist frá far-
 dögum 1893; auglýst 10. desbr. 1892. Uppgjafaprestur er í brauðinu, sem nýtur eptirlauna
 af því samkv. eptirlaunalögunum.